

Nd.

51. Tillaga

til þingsályktunar um talstöðvar.

Flutningsm.: Finnur Jónsson, Vilmundur Jónsson, Haraldur Guðmundsson,
Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa þegar á næsta sumri talstöðvar (stuttbylgjustöðvar) á Siglufirði og Ísafirði.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar höfðu allmörg sildveiðiskip leigðar talstöðvar frá lands-
símanum, og var það almenn reynsla skipverja, að þær komu að mjög miklu
gagni við veiðarnar. Munu nú öll skipin vilja fá slíkar stöðvar á næsta sildveiði-
tíma. Enn hafa talstöðvar þessar lítt verið reyndar á þorskveiðum, en fullyrða
má, að þær muni koma að miklu gagni einnig við þær veiðar. Þá má geta þess,
að stöðvar þessar auka mjög öryggi skipverja, og hvorki er stofnkostnaður þeirra
né starfræksla í skipunum svo kostnaðarsöm, að eigi sé fært flestum skipum.
Þó koma þær eigi að fullu gagni, hvorki við veiðar né til öryggis, fyrr en skipin
jafnframt því að hafa samband sín á milli geta haft samband við stöðvar í landi.
Til reynslu telja flm. nauðsynlegt að reisa tvær stöðvar sem allra fyrst, og virð-
ist þá Siglufjörður og Ísafjörður vel til þess valdir. Það telja má víst, að mjög
aukist þörf og notkun stöðva þessara á næstu árum, mun brýn nauðsyn bera til
að reisa þær einnig annarsstaðar í námunda við flestar helztu verstöðvar lands-
ins og veiðisvæði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.